STJÓRNARTÍÐINDI B 92 – 2001

4. september 2001 1879 Nr. 668

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 660/2000 um meðferð og nýtingu á sláturúrgangi og dýraúrgangi.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. hljóðar svo:

Úrgangur úr sauðfé og geitfé sem kemur frá sýktu svæði, skv. nánari skilgreiningu yfirdýralæknis, sbr. skilgreiningu á sýktu svæði í reglugerð um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar nr. 651/2001.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum ásamt síðari breytingum og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim ásamt síðari breytingum.

Landbúnaðarráðuneytinu, 4. september 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

Stjórnartíðindi B 92, nr. 668. Útgáfudagur 6. september 2001.

B 146
Gutenberg